

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri og Ásgerður Þorleifsdóttir, deildarstjóri launadeildar
Dags. 21. apríl 2021
Mnr. 2021030032



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Skatttekjur og laun janúar til mars 2021

Útsvarstekjur

Útsvarstekjur fyrir janúar til mars 2021 liggja nú fyrir og eru 569 m.kr. samanborið við áætlun upp á 547 m.kr. Útsvarstekjur fyrir tímabilið eru því 22 m.kr. yfir áætlun.

Þessar tölur eru þó birtar með fyrirvara um afstemmingar við fjársýsluna en sveitarfélaginu bárust upplýsingar um það frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 26. febrúar síðastliðinn, sem kynntar voru á 1144. fundi bæjarráðs síðastliðinn, að í janúar 2021 hefðum við fengið ofgreiddar 46 m.kr. sem munu koma til aftektar á viðskiptareikningi. Einnig fengum við ofgreitt í desember 2020 2,7 m.kr. sem verður einnig aftekið. Á árinu 2020 fékk Ísafjarðarbær síðan um 90 m.kr. greiddar í 3 greiðslum vegna frestunar gjalddaga staðgreiðslu og tryggingagjalds. Þessar innborganir á árinu 2020 eru ekki tekjufærðar á árinu 2020 heldur verða tekjufærðar eftir því sem þær innheimtast á árinu 2021.

Á árinu 2021 má síðan búast við að áfram verði sveiflur í greiðslu á staðgreiðslu frá launagreiðendum þar sem annars vegar koma inn innborganir á eldri frestunum á móti nýjum frestunum, en á árinu 2021 má fresta allt að tveimur gjalddögum til 17. janúar 2022.

Tafla 1. - útsvarstekjur 2021 per mánuð samanborið við áætlun 2021 og rauntölur 2020

	R 2021	Á 2021	[R21-Á21]	Br. 19/20 %	R 2020	[R21-R20]
Janúar	208.174.350	177.975.000	30.199.350	22%	171.190.160	36.984.190
Febrúar	194.080.811	183.375.000	10.705.811	9%	177.300.421	16.780.390
Mars	167.039.571	185.645.000	-18.605.429	-7%	180.502.863	-13.463.292

Í töflunni hér að neðan má sjá uppsafnaðar útsvarstekjur fyrir fyrstu þrjá mánuði 2021. Áætlunin er sýnd til hliðsjónar, uppsöfnuð fyrir hvern mánuð.


Tafla 2. - útsvarstekjur 2021 samanlagt samanborið við áætlun 2021 og rauntölur 2020

	R 2021	Á 2021	[R21-Á21]	Br. 19/20 %	R 2020	[R21-R20]
Janúar	208.174.350	177.975.000	30.199.350	22%	171.190.160	36.984.190
Febrúar	402.255.161	361.350.000	40.905.161	15%	348.490.581	53.764.580
Mars	569.294.732	546.995.000	22.299.732	8%	528.993.444	40.301.288

Mynd 1. – Útsvarstekjur per mánuð 2021 samanborið við áætlun 2021 og rauntölur 2020



Mynd 2. - Þróun útsvarstekna 2021 samanborið við áætlun 2021 og rauntölur 2020



Jöfnunarsjóður

Í töflu 3 hér að neðan má sjá yfirlit yfir tekjur úr jöfnunarsjóði fyrir janúar til mars 2021, áætlun 2021 og rauntölur fyrir árið 2020. Samkvæmt bókunum tímabilsins eru tekjur jafnar áætlun. Ástæða þess er breytt bókunaraðferð frá og með 1.1.2021 þar sem áætlaðar tekjur jöfnunarsjóðs eru tekjufærðar í samræmi við áætlaðar tekjur en greiðslur frá jöfnunarsjóði verða síðan afstemmdar við bókanir á 3ja mánaða fresti. Bókanir verða síðan endurmetnar eftir því sem áætlanir frá jöfnunarsjóði uppfærast.

Tafla 3. - Jöfnunarsjóður – rauntölur árið 2021 samanborið við áætlun 2021 og rauntölur 2020.

	R 2021	Á2021	[R-Á]	R 2020	R21-R20
Janúar	45.528.289	45.528.289	0	34.031.846	11.496.443
Febrúar	74.084.575	74.084.575	0	82.927.029	-8.842.454
Mars	74.084.575	74.084.575	0	83.403.578	-9.319.003

Sundurliðun framlaga úr jöfnunarsjóði

Í töflu 4 má sjá greiðslur frá jöfnunarsjóði niður á framlög fyrir janúar til mars 2021. Tekjurnar eru 193,7 m.kr. samanborið við áætlun upp á 193,7 m.kr.

Tafla 4. – Greiðslur niður á framlög árið 2021 samanborið við áætlun 2021.

	Raun	Áætlun	Mismunur raun-áætl.
112 Fasteigna	57.112.572	57.112.572	0
121 Útgjalda	89.372.616	89.372.616	0
141 Grunnskóli	40.007.655	40.007.655	0
142 Sérþ nem	5.629.596	5.629.596	0
144 Nýbúa	1.575.000	1.575.000	0
Samtals	193.697.439	193.697.439	0

Launakostnaður mars 2021

Launakostaður fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins 2021 nemur 720.200.576 m.kr. samanborið við áætlun upp á 694.246.093 m.kr. Launakostnaður er því 26 m.kr. yfir áætlun eða 3,7%.

Á árinu 2020 bættist nýjung við í kjarasamninga sem kallast félagsmannasjóður. Um er að ræða 1,5% mótframlag á laun starfsfólks í verkvest og verbol, og fer óskert inn á reikning Starfsgreinasambandsins og þaðan óskert inn á bankareikning viðkomandi starfsmanns í febrúar á hverju ári. Því miður láðist að áætla fyrir þessum nýja sjóði í áætlun 2021 og nemur áætlun greiðsla á árinu 2021 vegna þessa sjóðs 8,8 m.kr.

Tafla 5 - Raun laun janúar-mars 2021 samanborið við áætlun janúar – mars 2021

Mfl.	Heiti	Janúar til mars 2021		R21-Á21	% af Áæ
		Raun	Áætlun		
2	Velferðarsvið	136.344.593	138.208.600	-1.864.007	-1,3%
4	Fræðslumál	351.115.345	317.653.519	33.461.826	10,5%
5	Menningarmál	17.157.628	18.330.543	-1.172.915	-6,4%
6	Æskulýðs- og íþróttamál	46.376.486	49.524.756	-3.148.270	-6,4%
7	Brunamál og almannavarnir	28.889.164	26.781.930	2.107.234	7,9%
9	Skipulags- og byggingamál	13.006.838	12.635.253	371.585	2,9%
11	Umhverfismál	894.877	1.777.596	-882.719	-49,7%
13	Atvinnumál	6.374.534	6.540.105	-165.571	-2,5%
21	Sameiginlegur kostnaður	56.761.935	55.681.700	1.080.235	1,9%
27	Óvenjulegir liðir	0	2.373.450	-2.373.450	-100,0%
31	Eignasjóður	3.603.650	4.018.026	-414.376	-10,3%
33	Þjónustumiðstöð	21.922.422	23.587.768	-1.665.346	-7,1%
41	Hafnarsjóður	28.192.171	28.003.997	188.174	0,7%
53	Þjónustuíbúðir	878.822	0	878.822	#DIV/0!
57	Fastís	3.496.647	3.909.009	-412.362	-10,5%
67	Byggðasafn Vestfjarða	5.185.463	5.219.841	-34.378	-0,7%
Samtals		720.200.575	694.246.093	25.954.482	3,7%

Þegar niðurstöður innan hvorrar deildar er skoðaðar í töflu 5 fyrir samanlögð laun í janúar til mars sést að tvær deildir eru undir áætlun með 2 milljónir eða meira (grænir reitir) og tvær deildir yfir áætlun 2 milljónir eða meira (bleikir reitir).

Þær eru:

- **04 Fræðslumál** – 33,5 m.kr. yfir áætlun sem er 10,5% frávik.
 - **Sólborg** - 17,2 m.kr yfir áætlun sem er 32% frávik. Í áætlun er gert ráð fyrir 33 stöðugildum en raun stöðugildi fyrir janúar til mars er 36. Þá var varnreiknað í launaáætlun laun nokkurra yfirmanna, samtals 45 m.kr. á árinu 2021. Félagsmannasjóður var 950 þúsund kr.
 - **Laufás** - 3,9 m.kr yfir áætlun sem er 55% frávik. Í áætlun er gert ráð fyrir 4,3 stöðugildum en í raun eru þau 6,2 fyrir janúar til mars.
 - **Grunnskólinn á Þingeyri** - 2,7 m.kr yfir áætlun sem er 14% frávik. Stöðugildi eru 7,9 í áætlun en 8,25 í raun. Stundakennsla og yfirvinna eru yfir áætlun.
 - **Dægradvöl** - 2,4 m.kr yfir áætlun. Dagvinna og föst yfirvinna umfram áætlun.

- **Tjarnabær** - 1,7 m.kr yfir áætlun sem er 17% frávik. Skýringin eru vanreiknuð laun leikskólastjóra í launaáætlun, samtals 5,9 m.kr. yfir árið. Allt annað er á áætlun.
- **Grunnskólinn á Ísafirði** - 4 m.kr yfir áætlun sem er 3% frávik. Stöðugildi eru umfram áætlun, í áætlun eru 58,7 en í raun 62,62. Félagmannasjóður vegna 2020 var 1 m.kr og má áætla að verði 90 þ.kr á mánuði árið 2021. Allir aðrið launaliðir eru undir áætlun.
- **06 Æskulýðs og íþróttamál** - 3,2 m.kr undir áætlun sem er 6,4% frávik.
 - **Félagsmiðstöðvar** - 1,2 m.kr undir áætlun.
 - **Skíðasvæði** - 3,9 m.kr undir áætlun.
 - **Sundlaug við Austurveg** - 1,4 m.kr yfir áætlun sem eru 13% frávik. Álag og yfirvinna eru umfram áætlun. Félagmannasjóður vegna 2020 er 398 þús.kr.
 - **Íþróttamiðstöð Þingeyri** - 1,2 m.kr yfir áætlun sem eru 25% frávik en það er vegna launaleiðréttingar.
 - **Íþróttamiðstöð Suðureyri** - 390 þús.kr yfir áætlun sem er yfirvinna og félagmannasjóður.
 - **Íþrótt og tómstundanevnd** - 630 þús.kr undir áætlun.
- **07 Brunamál og almannavarnir** – 2,1 m.kr. undir áætlun sem er 7,9% frávik.
 - **Öryggisþjónusta** - 2,2 m.kr yfir áætlun en ekki var gert ráð fyrir launum í febrúar og mars hjá öryggisþjónustunni. Ekki er gert ráð fyrir frekari launakostnaði.
 - **Slökkvilið** - 1,3 m.kr undir áætlun.
 - **Sjúkraflutningar** - 1,1 m.kr yfir áætlun. Allar einingar yfir áætlun sem skýrast að mestu leyti af langtíma veikindum.
- **21 Óvenjulegir liðir** er veikindapottur.